



Alþingi
Erindi nr. P 139/III
komudagur 5.11.2010

4. nóvember 2010
SI-67278

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, 20. mál á 139. löggjafarþingi (flýtimeðferð mála um gengistryggð lán).


Með tölvubréfi dags. 19. október 2010 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.


Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að með því sé lagt til að við 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist nýr málslíður sem mælir fyrir um það að dómsmál, þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi gjaldmiðla skuli sæta flýtimeðferð.

Seðlabankinn lítur það jákvæðum augum að réttaróvissu um hvaða lán teljist gengistryggð og hver ekki verði eytt eins fljótt og auðið er. Hins vegar gerir bankinn athugasemd við orðalag 1. gr. frumvarpsins, þar sem vísað er til deilna um „lögmæti þess að binda fjárskuldbindingar við verðlag“. Hefðbundinn skilningur á slíkri tilvísun er sá að átt sé við verðtryggingu sparifjár og útlána. Verðtrygging hefur verið við lýði á fjórða áratug og á að vera nokkuð óumdeild. Ekki var deilt um hana í þeim dómsmálum sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu og ekki er fram komið að rekinn sé ágreiningur vegna hennar fyrir dómstólum. Því leggur Seðlabanki Íslands það til að felld verði úr út greininni orðin „við verðlag eða“.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur